



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á lokaráðstefnu verkefnisins Hið gullna jafnvægi
5. október 2001

Ágætu ráðstefnugestir

Við erum hér samankomin á eins konar uppskeruhátíð verkefnis sem á margan hátt er einstakt í íslensku atvinnulífi. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með því hve vel hefur tekist að virkja þær áherslur sem í verkefninu felast til að opna okkur nýja sýn á samhengið milli atorku á vinnustað og farsældar í fjölskyldulífi.

Ég vil í upphafi óska öllum aðstandendum og þátttakendum í Hinu gullna jafnvægi til hamingju með árangurinn og hve margþætt hin jákvæðu áhrif hafa verið.

Það var óneitanlega nokkuð djarft á sínum tíma að ýta slíku verkefni úr vör; hugmyndirnar sem lágu til grundvallar voru á margan hátt framandi. Sú spurning vaknaði eðlilega hvort íslenskt atvinnulíf, stofnanir og fyrirtæki væru reiðubúin að fara slíkar leiðir, en hvatning fólst vissulega í þeim árangri sem náðst hafði í öðrum löndum og í þeim lærdómum sem hin alþjóðlega vídd verkefnisins veitti okkur.

Á þeirri uppskeruhátíð sem hefst hér í dag munum við í senn kynnst þeirri reynslu sem verkefnið hefur fært starfsfólki og stjórnendum og leiða hugann að því hvernig hægt verður í framtíðinni að halda áfram þeirri nýbreytni sem verkefnið boðar.

Nýsköpun hefur í vaxandi mæli orðið drifkraftur efnahagslífs og þjóðfélagsþróunar og ný tækni hefur umbylt lífsstíl okkar og atvinnuháttum. Í rauninni er hraði breytinganna orðinn slíkur að við eigum oft fullt í fangi með að halda áttum. Þá þurfum við umfram allt að huga að því að jafnvægi haldist milli vinnuskyldu og einkalífs, að við endurnýjum orkuna sem gerir okkur kleift að skila góðu verki.

Hið gullna jafnvægi, samvinnuverkefni stjórnenda á opinberum vettvangi og í fyrirtækjum og starfsfólksins sem þar sinnir daglegri önn,

hefur að markmiði að auka skilning á því hvernig samhæfing á einkalífi og skyldum í starfi getur skilað góðum árangri, bætt afköst og aukið ánægjuna sem allir njóta þegar vel tekst til. Verkefnið hefur sýnt okkur hvernig nýsköpun í mannlegum samskiptum getur ekki síður en nýjungar í tækni og hugbúnaði bætt verklag og hagkvæmni, aukið arðsemi og afköst, skapað hollustu og samheldni sem gera starfsfólk betur í stakk búið til að glíma við vandamálin.

Með áherslum á aukinn sveigjanleika, félagslega ábyrgð og þær skyldur sem við öll berum gagnvart fjölskyldu og uppeldi barna og unglinga hafa fyrirtæki og stofnanir sýnt starfsfólki sínu að umhyggja fyrir velferð þess treystir í senn stöðu og framgang starfseminnar. Hið gullna jafnvægi hefur aukið til muna skilninginn á samhenginu sem í þessum efnum ræður miklu og um leið sýnt okkur hvernig aðrar þjóðir hafa með árangri leitast við að fara inn á nýjar brautir. Hin alþjóðlega þróun hefur gert okkur kleift að tileinka okkur aðferðir, viðhorf og starfshætti sem annars staðar hafa gefist vel.

Mannauðurinn er ekki aðeins forsenda framfara heldur ræður hann úrslitum í þeirri samkeppni sem háð er um hagsæld þjóða. Hæfni okkar og geta til að glíma við vandamálin ræðst bæði af menntun og þjálfun og því að velferð og farsæld ríki í einkalífi, að samhljómur sé milli hvíldar í faðmi fjölskyldu og ábyrgðarinnar sem við berum á vinnustað.

Hið gullna jafnvægi hefur þannig veitt okkur nýja sýn á okkur sjálf og vonandi mun áhrifa verkefnisins gæta sem víðast á komandi árum. Sú reynsla sem við höfum öðlast mun ekki aðeins styrkja þær stofnanir og fyrirtæki sem verið hafa þátttakendur í verkefninu heldur einnig verða viðmið fyrir aðra, hvatning til að umskapa starfshætti og viðhorf, gera samhljóminn milli athafna á vinnustað og samvista með fjölskyldunni að lífsgæðum sem æ fleiri munu vilja tileinka sér.

Vissulega næst aldrei sá árangur í þessum efnum sem fullnægjandi getur talist en viðleitnin sjálf getur verið sá drifkraftur sem dugir til góðra verka, samstarfið aðferð sem opnar hugi okkar á nýjan hátt.

Að þessu leyti hefur Hið gullna jafnvægi markað tímamót í íslensku atvinnulífi og ég vil sérstaklega þakka þeim sem höfðu framsýni og þor til að gera það að veruleika. Við þurfum einmitt á því að halda að gömlum venjum og viðhorfum sé ögrað á jákvæðan hátt. Það hefur Hið gullna jafnvægi svo sannarlega gert og því er ríkulegt tilefni til að óska öllum til hamingju með árangurinn.